**Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 3. nóv. 2021**

**Fyrirlesari:** Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur

Efni: „Líkamleg mein og andleg“ – spjall um íslenska myndlist og sjúkdóma.

Mættir: 55 skráðir í register, þar af nokkrir makar og gestir félagsmanna.

Formaður setti fundinn og stýrði. Aðalsteinn sagði strax að ekki væri um auðugan garð að gresja, íslenskum listamönnum hefði verið flest meira hugleikið en fjalla um mannamein. Eflaust kæmi þar til hve myndlist væri umg hérlendis, mikilfengi náttúrunnar sem myndefnis og loks tiltöluleg einangrun listamanna í fásinninu hérlendis. Hann rakti þessa sögu með fjölda dæma frá aldamótum 1900 til okkar dags. Stórfróðlegt erindi sem vel var tekið af fundarmönnum og fylgdu þeir því eftir með viturlegum spurningum.

Formaður þakkaði Aðalsteini og færði honum ljóðabók Hjálmars Freysteinssonar sem þökk fyrir erindið.

Sigurður Guðmundsson, fundarritari.